

Nd.

95. Breytingartillögur

[48. mál]

við frv. til laga um efnahagsmál.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar (BK, SI, JóhH).

1. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
Nú er bankaábyrgð ekki greidd í íslenskum banka fyrr en eftir 28. janúar 1960 eða gjalddagi hennar er eftir þann tíma, og skal hún þá gerast upp á hinu nýja gengi.
2. Við 10. gr. 1. töluliður B-liðar orðist svo:
Vörum, sem taldar eru í 7. gr. reglugerðar nr. 15/1954, um innflutningsréttindi bátaútvegsins, og síðari breytingum á henni, þó ekki af eftirtöldum vörum: þeim, sem taldar eru í A-lið þessarar greinar, nýjum og þurrkuðum ávöxtum í nr. 1—35 í 8. kafla tollskrár og vélum í nr. 49 og 53 í 72. kafla tollskrár.
3. Við 31. gr.
 - a. Í stað orðanna „sbr. lög nr. 63/1957, um Landsbanka Íslands“ í 3. málsg. komi: sbr. 16. gr. laga nr. 63/1957, um Landsbanka Íslands, eða breytilegir í samræmi við þá vexti.
 - b. Við 4. málsg. bætist orðin: eða breytilega í samræmi við þá vexti.